

**Samantekt**  
**Hagsmunaráð fundur nr. 9**

2017-09-35

24.06..2020

**Fundarstaður:** Grand hótél**Dagsetning:** 24.06.2020**Fundartími:** 10.30 – 12.30**Fundarritari:** Stefán Gunnar Thors**Mættir:**

Hagsmunaráð	Fulltrúar fyrir
Anna Lea Gestsdóttir	Byggðastofnun
Anna G. Sverrisdóttir	Samtök fyrirtækja í ferðaþjónustu
Arnar Guðmundsson (AG)	Íslandsstofa
Ágúst E. Bjarnason	Samtök fyrirtækja í ferðaþjónustu
Einar Hansen Tómasson (ET)	Íslandsstofa
Guðbergur Rúnarsson	Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi
Guðmundur B. Guðmundsson (GBG)	Samtök íslenskra sveitarfélaga
Guðrún Vaka Steingrímsdóttir (GVS)	Bændasamtök Íslands
Gunnar Stefánsson (GS)	Háskóli Íslands
Hjalti Jóhannesson (HJ)	Háskólinn á Akureyri
Hólmfríður Bjarnadóttir (HB)	Samorka
Jóhann Þór Jónsson (JPJ)	Samtök iðnaðarins/smærri iðnaður
Kári Hreinsson (KH)	Samtök iðnaðarins/smærri iðnaður
Kristín Linda Árnadóttir (KLÁ)	Samorka/Orkuframleiðendur
Kristján Már Atlason (KMA)	Samorka/Orkuframleiðendur
Kristján Þ. Halldórsson (KPH)	Byggðastofnun
Lárus M.K.Ólafsson (LÓ)	Samtök iðnaðarsins/stórnotendur
María Sigríður Guðjónsdóttir (MSG)	Háskóli Reykjavíkur
Ragnar Kristjánsson	Háskóli Reykjavíkur
Jóhann Þorleiksson (JP)	Samtökum iðnaðarins
Tryggvi Felixson (TF)	Landvernd
Tryggvi Þór Haraldsson (TÞH)	Samorka/Dreifiveitur
Þórey S. Þórisdóttir	Neytendasamtökin
<b>Frá Landsneti</b>	
Einar S. Einarsson (ESE)	Framkvæmdarstjóri Stjórnunarsviðs
Elín Sigríður Óladóttir (ESÓ)	Samráðsfulltrúi
Gnýr Guðmundsson (GG)	Yfirmaður greininga og áætlaða í raforkukerfinu
Guðmundur Ingi Ásmundsson (GIÁ)	Forstjóri
Jón Skafti Gestsson	Sérfræðingur á fjármálasvið
Rut Kristinsdóttir (RK)	Sérfræðingur í umhverfismálum
Páll Jensson (PJ)	Formaður hagsmunaráðs

**Dagskrá:**

- **Páll Jensson, formaður hagsmunaráðs**
- **Guðmundur Ingi Ásmundsson, forstjóri Landsnets**  
*Starfsemi Landsnets – staða mála og nýjasta nýtt*
- **Gnýr Guðmundsson, yfirmaður greininga og áætlana í raforkukerfinu**  
*Kerfisáætlun Landsnets 2020 – 2029*
- **Rut Kristinsdóttir, sérfræðingur í umhverfismálum**  
*Umhverfismat kerfisáætlunar*
- **Jón Skafti Gestsson, sérfræðingur á fjármálasviði**  
*Flutningskerfið og launapróun*

**Umræður og samantekt**

Að fundi loknum er boðið upp á hádegisverð í veitingasal Grand Hótel

**1. Staða mála og nýjasta nýtt (Guðmundur I. Ásmundsson)**

Landsnet telur skýran ávinning vera af starfi hagsmunaráðs. Sá ávinningur kemur m.a. fram í viðhorfum til framkvæmda fyrirtækisins, undirbúningsvinnu og breyttu verklagi fyrirtækisins. Verkefni Landsnets sem eru framundan tengjast eftirfarandi þáttum:

- Mikil þörf er á framkvæmdum. Styrkja þarf kerfið m.a. út frá reynslu af veðurvá sl. vetrar.
- Orkuskipti, sem skipar stóran sess í aðgerðum sem tengjast loftslagsmálum.
- Ný orkuframleiðsla með vindorku.
- Orkumarkaður. Hvernig á að útfæra orkumarkað sem hentar okkar aðstæðum.
- Framtíð og útfærsla flutningskerfisins. Framkvæmdir í samræmi við kerfisáætlun.
- Áhættumat. Umbreyting á verklagi og nálgun við hönnun og framkvæmdir í flutningskerfinu.

**2. Kerfisáætlun 2020-2029 (Gnýr Guðmundsson)**

Verkefnum hefur verið endurforgangsraðað í samræmi reynslu og greiningar út frá veðurvánni.

Athugasemdafrestur um kerfisáætlun og umhverfisskýrslu er 31. júlí. skv. reglugerð ber Landsneti að skila inn uppfærðri áætlun og viðbrögðum við umsögnum til Orkustofnunnar 1. september.

**Þróun meginflutningskerfisins**

Ný kynslóð byggðalínu, sem er lykilþáttur í bættu afhendingaröryggi. Helstu framkvæmdir

**Framkvæmdaáætlun**

- Blöndulína 3
  - 220 kV loftlína með möguleika á jarðstrengskafla, nýtt tengivirki í Skagafirði, 132 kV jarðstrengur að tengivirki í Varmahlíð, niðurrif Rangárvallalínu 1.
- Tenging frá Hvalfirði í Hrutafjörð
  - 220 kV loftlína
- Nýr afhendingarstaður í Ísafjarðardjúpi
- Suðurnesjalína 2 og Lyklafellslína
- Tengivirki í Hvalfirði

- Tengivirki á Njarðvíkurheiði

Það eru framkvæmdir í gangi og áformaðar í öllum landshlutum.

### Langtímaáætlun

Komin samfelld tenging frá Reykjanesi til Austurlands um Vestur- og Norðurland.

Áframhaldandi þróun kerfisins (eftir 10 ár)

- AC/DC og hálendisleið
- Hringtenging

### Afhendingaröryggi

- Greining m.t.t. framgangs verkefna á næstu 10 árum. Flestir staðir með betri stöðu.
- Tilvísun í innvidir.is

### Tiltæk afhendingaröryggi

- Gjörbreytt staðan eftir 10 ár. Fullnægjandi geta alls staðar. Miðað við raforkuspá verða flutningstakmarkanir úr sögunni.

### Mögulegar jarðstrengslagnir

- Gerð grein fyrir takmörkunum við notkun jarðstrengja í flutningskerfinu.

### Aðkoma hagsmunaráðs

- Í vinnu við mótun kerfisáætlunar var hún borin saman við framtíðarsýn og SVÓT greiningu sem kom fram í vinnustofu hagsmunaráðs. Einnig hluti af valkostagreiningu.

### Framkvæmdir í svæðisbundnum flutningskerfum

- Yfirbyggingu hraðað
- Tvítengingum hraðað
- Áframhaldandi endurnýjun og strenglagning eldri lína

### Mat á virði umfram afhendingu og endurgreiðslutími valkosta

- Kostnaður framkvæmda er áætlaður um 72 ma.kr. á næstu 10 árum. Það mun hafa áhrif á gjaldskrá. Orkuskipti munu deyfa áhrif fjárfestinga á gjaldskrá.

### Útfærsla framkvæmda

- Umsagnir og samráð vegna kerfisáætlunar skilar sér í undirbúning einstakra framkvæmda.

### Spurningar og umræða

Áhersla er á 220 kV á Suðurnesjum. Þar er talsverð framleiðsla og ekki áform um stóriðju. Er þörf á 220 kV spennu?

- Sv. Suðurnesin tengjast höfuðborgarsvæðinu. Þannig að ef það verða truflanir á Suðurnesjum hefur það mikil áhrif á höfuðborgarsvæðið, t.d. straumleysi. Með 220 kV spennu verða ekki truflanir á höfuðborgarsvæðinu.

Af hverju ekki að klippa á samtengingu milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins?

- Sv. Það er ekki hægt að reka kerfið í eyjum. Ef Suðurnesjalína 1 rofnar veður rafmagnslaust á Suðurnesjum.

Hvenær er ráðgert að framkvæmdir hefjist vegna tengingar í Djúpið?

- Sv. Tímasetning tengist tímasetningu Hvalárvirkjunar.

Hver er staðan á Hrútatungulína 2?

- Sv. Það er unnið að því að hefja undirbúning við framkvæmdina.

Endurnýjun á byggðalínu á Norðurlandi. Hún stóðst í óveðrinu í vetur, er þá þörf á endurnýjun?

- Sv. Já, hún stóðst vegna aðstæðna. En stóðst ekki 2012. Það er mikill munur á nýjum línunum og eldri. Mikill munur er á burðarþoli stálmastra og trémastra.

Hvenær er ráðgert að ráðast í Dalvíkurlínu 2?

- Sv. Það er áætlað að það verði 2023.

Hvað er að fréttu af framkvæmdum á Snæfellsnesi?

- Sv. Þær eru komnar á 10 ára áætlun, og verða mögulega 2026 og 27.

Hvar er Lyklafellslína stödd?

- Sv. Hún er í startholum, það er verið að hefja mat á umhverfisáhrifum.

### 3. Umhverfismat kerfisáætlunar (Rut Kristinsdóttir)

Megin niðurstaðan umhverfismats er að það fylgja neikvæð eða talsverð neikvæð umhverfisáhrif á einhverja umhverfisþætti í öllum valkostum um uppbyggingu flutningskerfis raforku. Helstu neikvæðu áhrif framkvæmdaáætlunar er á landslag og ásýnd, lífríki og ferðapjónustu.

Nýrri nálgun var beitt við að umhverfismeta verkefni á framkvæmdaáætlun.

Viðfangsefni umhverfismats kerfisáætlunar þrískipt.

- 30 ár
- 10 ár
- 3 ár (framkvæmdaáætlun)

Í framkvæmdaáætlun er beitt nýrri nálgun, sem fylgir betur greiningu á kerfislegum valkostum í kerfisáætlun og ekki litið hvar framkvæmdir muni liggja. Hins vegar er afmarkað svæði sem líklegast er að lína muni liggja um, og dregnar fram þær áskoranir sem eru innan þess svæðis. Unnið er með þær áskoranir á næstu stigum s.s. í hönnun, skipulagsvinnu og mati á umhverfisáhrifum.

Valkostagreining fylgir nýjum framkvæmdum á framkvæmdaáætlun. Ekki er unnin valkostagreining á framkvæmdum sem voru á kerfisáætlun fyrra árs.

#### Spurningar og umræða

Er ekki gerður greinarmunur á því hvort sé verið að bæta við kerfið eða lagfæra kerfið, t.d. vegna þeirra framkvæmda sem tengjast nýbyggingum?

- Sv. Kerfisáætlun snýr bara að framkvæmdum Landsnets. En í framkvæmdamati er mögulegt að segja frá tengdum framkvæmdum.

Ertu sammála því að það sé grundvallarmunur á því að hvort sé um að ræða lagfæring eða ný framkvæmd?

- Sv. Almennt séð er ekki munur á nálgun umhverfismatsins.

### 4. Flutningskerfið og launaþróun í sveitarfélögum (Jón Skapti)

Forsendur:

- Launatölur og afltölur á tímabilinu 1992-2016
- Stóriðjutölur eru ekki hluti af greiningu, þ.e. afltölum.

Megin niðurstöður greiningar eru:

- Afhendingargeta hefur áhrif á laun í sveitarfélagi.

- Laun í Fjarðabyggð, Fljótsdalshéraði, Vopnafirði hafa hækkað mest.
- Minnst hækkun í launum í Ísafjarðarbæ, Seyðisfirði, Vestmannaeyjum og Grundarfjarðarbæ. Þar hefur afhendingargetan verið minnst.
- 1992 var áttföld afhendingargeta í öllum í sveitarfélögum, en 2016 er hún um tvöföld.
- Staðan lítur mun betur út fyrir atvinnuþróun að lokinni uppbyggingu í samræmi við kerfisáætlun.

### Spurningar og umræður

- Hvað með Suðurland, er ekki afhendingargetan há þar?
- Þetta er áhugaverð greining.
- Það eru gríðarlega margir aðrir þættir sem koma inn í þessa jöfnu, s.s. kjarasamningar, aðstaða, menntunarstig og samgöngur.
- Væri áhugaverð að sjá tenging við fjölda stöðugilda í sveitarfélögum frekar en launaþróun.
- Sakna þess að ekki sé litið til fleiri þátta.
- Stóriðjutölur út fyrir sviga, en samt var Fjarðabyggð hátt? Það er vegna þess að stóriðjan var ekki tekin út fyrir í launatölum.
- Hvernig á að skilja ljósmyndina? Lagt til að hafa skýringuna sem „Tilgæt afhendingargeta“ í stað „afhendingargetu“.

### 5. Næstu skref

Næstu fundir verði á miðvikudögum. Í samræmi við ábendingar er tillaga um að hafa færri fundi, en lengri. Tillaga að fundardagsetningum:

- 2. september 2020
- 4. nóvember 2020
- 3. febrúar 2021
- maí 2021